



Borgarráð

Atvinnu- og virknimiðlun - Lokaskýrsla vinnumarkaðsaðgerða Reykjavíkurborgar í kjölfar COVID-19

Lögð er fram til kynningar lokaskýrsla um vinnumarkaðsaðgerðir Reykjavíkurborgar sem hófust sumarið 2020 en þeim lauk í apríl 2022.


Greinargerð:

Vinnumarkaðsaðgerðirnar voru hluti af viðspyrnuaðgerðum borgarinnar í kjölfar heimsfaraldursins Covid-19. Markmið aðgerðanna var að takast á við stöðu á vinnumarkaði en atvinnuleysi hafði aukist mikið í faraldrinum. Eftirfylgni sýndi að mikill meirihluti einstaklinga sem höfðu fengið fjárhagsaðstoð voru mjög ánægð í vinnunni. Störfin höfðu gríðarlega jákvæð áhrif á líðan, fjárhag og líf þeirra. Niðurstöður stjórnendakönnunar sýndu ótvíræða ánægju með aðgerðirnar. Ávinningur af vinnumarkaðsaðgerðunum birtist meðal annars í því að fjöldi notenda á fjárhagsaðstoð var 23% undir áætlun fyrstu sex mánuði ársins 2021. Það er reynsla atvinnu- og virknimiðlunar að margir einstaklingar sem fá fjárhagsaðstoð og hafa verið án atvinnu til lengri tíma þurfa aðstoð við að komast aftur í virkni og atvinnu. Það var því lögð fram tillaga í borgarráði 30. mars 2022 um áframhald á atvinnu- og virknimiðlun með breyttum forsendum, sem var samþykkt samhljóða af öllum borgarfulltrúum. Verkefnið verður þá þróunarverkefni til tveggja ára, flyst yfir í Virknihus og þjónustar þá sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu við að koma sér í virkni og atvinnu.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Skýrsla um atvinnu- og virknimiðlun Reykjavíkurborgar.



Atvinnu- og virknimiðlun

Vinumarkaðsaðgerðir í kjölfar COVID-19

September 2022

Efnisyfirlit

1	SAMANTEKT	2	4.6	Viðbótarsumarstörf	10
2	DÆMISÖGUR	3	5	STARFSEMI OG LÆRDÓMUR	10
3	INNGANGUR	3	5.1	Verklag	10
4	ÞRÓUN OG ÁRANGURSMÆLIKVARÐAR	4	5.2	Virknimiðlun	11
4.1	Þróun atvinnuleysis og fjölda á fjárhagsaðstoð	5	5.3	Atvinnumiðlun	12
4.2	Hópurinn	5	5.4	Tengiliðir og samstarf	12
4.3	Ráðningar	5	5.5	Lærdómur	13
4.4	Ýtarlegri greining á ráðningum	7	6	NIÐURSTÖÐUR	14
4.5	Stjórnendakannanir	9			
		10			

1 SAMANTEKT

Vinnumarkaðsaðgerðir Reykjavíkurborgar hófust sumarið 2020 en þeim lauk í apríl 2022. Vinnumarkaðsaðgerðirnar voru hluti af viðspyrnuaðgerðum borgarinnar í kjölfar heimsfaraldursins Covid-19. Markmið aðgerðanna var að takast á við stöðu á vinnumarkaði en atvinnuleysi hafði aukist mikið í faraldrinum. Vinnumarkaðsaðgerðirnar voru áfangaskiptar. Í fyrsta áfanga voru ráðningar í viðbótarsumarstörf fyrir 18 ára og eldri sumarið 2020 og ráðningar í störf sem snúa að nýsköpun og skapandi greinum. Bæði af atvinnuleysisráð og af fjárhagsaðstoð. Í öðrum áfanga í byrjun árs 2021 var Atvinnu- og virknimiðlun stofnuð, sem tímabundið úrræði, þar sem aukin var áhersla á ráðningar langtímaatvinnulausra. Haft var að leiðarljósi að miðla einstaklingi í starf við hæfi en þar skipti áhugasvið einstaklingsins meginmáli.

Ráðnir voru 262 einstaklingar í tímabundin störf í gegnum vinnumarkaðsaðgerðir Reykjavíkurborgar. Af þessum 262 einstaklingum voru 158 á atvinnuleysisráð hjá Vinnumálastofnun og 104 að fá fjárhagsaðstoð til framfærslu. Um 80% þeirra einstaklinga sem voru á fjárhagsaðstoð fyrir úrræðið komu ekki aftur á fjárhagsaðstoð eftir að starfstíma lauk. Að auki hafa vinnumarkaðsaðgerðirnar skilað 934 viðbótarsumarstörfum fyrir 18 ára og eldri og 400 störfum fyrir 17 ára einstaklinga, síðustu tvö sumur.

Eftirfylgni sýndi að mikill meirihluti einstaklinganna sem höfðu fengið fjárhagsaðstoð voru mjög ánægð í vinnunni. Störfin höfðu gríðarlega jákvæð áhrif á líðan, fjárhag og líf þeirra. Lífsgæði einstaklinga sem fá tækifæri til að komast út á vinnumarkaðinn aukast til muna og einnig þeirra sem eru í kringum þá, til dæmis fjölskyldna þeirra. Einstaklingarnir valdeflast og sjálfstraustið eykst. Tækifærin sem að vinnumarkaðsaðgerðirnar gáfu einstaklingum skiptu því meginmáli fyrir framtíð einstaklingsins.

Niðurstöður stjórnendakönnunar sýndu ótvíræða ánægju með aðgerðirnar en könnunin var send öllum stjórnendum sem ráðið hafa starfsfólk í gegnum Atvinnumiðlun Reykjavíkurborgar. 97% svarenda sögðust myndu ráða fólk aftur með þessum hætti og 88% sögðu starfsfólk sem ráðið var í gegnum vinnumarkaðsaðgerðir hafa staðið sig mjög eða frekar vel. Þá voru 93% mjög eða frekar ánægðir með þjónustu atvinnu- og virknimiðlunar. Margir

stjórnendur nefndu einnig að þessir starfsmenn hefðu stuðlað að jákvæðri þróun og komið með nýja þekkingu eða menningu inn á vinnustaðina.

Ávinningur af vinnumarkaðsaðgerðunum birtist meðal annars í því að fjöldi notenda á fjárhagsaðstoð var 23% undir áætlun fyrstu sex mánuði ársins 2021. Fjárhagsaðstoð til framfærslu kostar sveitarfélag um 2,6 milljónir á ári fyrir hvern einstakling en ofan á það geta bæst við heimildagreiðslur. Það getur því verið mikill fjárhagslegur hvati fyrir sveitarfélag að halda úti vinnumarkaðsaðgerðum sem þessum. Að auki má nefna að samfélagslegur ávinningur er af fleiri vinnandi höndum á atvinnumarkaðinum, sérstaklega nú þegar skortur er á starfsmönnum á ýmsum sviðum. Í ljósi þessa er hagur einstaklingsins, sveitarfélagsins og samfélagsins að virkja einstaklingana og aðstoða þá við að fá tækifæri til þess að komast út á vinnumarkaðinn.

Það er reynsla atvinnu- og virknimiðlunar að margir einstaklingar sem fá fjárhagsaðstoð og hafa verið án atvinnu til lengri tíma þurfa aðstoð við að komast aftur í virkni og atvinnu. Það var því lögð fram tillaga í borgarráði 30.mars 2022 um áframhald á atvinnu- og virknimiðlun með breyttum forsendum, sem var samþykkt samhljóða af öllum borgarfulltrúum. Verkefnið verður þá þróunarverkefni til tveggja ára, flyst yfir í Virknihús og þjónustar þá sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu við að koma sér í virkni og atvinnu.

2 DÆMISÖGUR

Hér má sjá brot af árangurssögum vinnumarkaðsaðgerðanna:

-Einstaklingur með eldri sögu um neyslu og afplánun fékk eftir samtal og ráðleggingar atvinnu- og virknimiðlunar starf. Viðkomandi hafði ekki fengið tækifæri á atvinnumarkaðinum vegna sakaferilsins en hafði þó verið edrú í mörg ár. Þessum einstaklingi var miðlað í starf á eigin áhugasviði, þar sem reynsla viðkomandi af fíkisjúkdómi nýttist. Viðkomandi fékk starfið og hefur í kjölfarið þakkað teymi atvinnu- og virknimiðlunar ítrekað.

-Oft leiðir eitt af öðru en einstaklingur af erlendu bergi brotinn, sem hvorki talaði íslensku né ensku og hafði átt erfitt með að fá starf vegna tungumálaerfiðleika fékk tímabundna ráðningu í viðhaldsvinnu. Einstaklingurinn stóð sig vel í starfi og á starfstímanum kynntist hann verktaka sem réði hann til sín í kjölfarið. Oft er hægt að ná sér í góð meðmæli og gjarnan reynist auðveldara að fá vinnu þegar fólk er þegar í vinnu.

-Einstaklingur sem ráðinn var í stuðningsfulltrúastarf. Stjórnandi sagði að þessum einstaklingi liði vel og hefði vaxið í starfi, og vildi gjarnan framlengja en hafði ekki fjármagn og þykir miður að geta ekki haldið einstaklingnum áfram. Einstaklingurinn hafði samband við atvinnumiðlun og þakkaði kærlega fyrir tækifærið að hafa kynnst starfsemi skóla. Viðkomandi skráði sig í kennaranám og var spenntur fyrir því að vinna sem kennari í framtíðinni.


-Ráðinn var leikskólastarfsmaður sem hafði sama móðurmál og börn á leikskólanum, sem annars hefðu ekki haft neinn talandi á sínu móðurmáli. Slíkar ráðningar styrkja bæði börnin og foreldratengslin.

-Í vinnumarkaðsaðgerðum voru ráðnir innflytjendur í umönnunarstörf þar sem fólk hefur haft starfsleyfi í sínu heimalandi en þurft að öðlast betri kunnáttu í íslensku til að fá leyfi til að starfa hér á landi.

-Einstaklingi sem hafði verið atvinnulaus í nokkur ár var boðin þátttaka á námskeiðinu „Út á vinnumarkaðinn“. Þegar starfsmaður virknimiðlunar hringdi í viðkomandi eftir námskeiðið til að athuga hvernig gengi lýsti einstaklingurinn því yfir að hann hafi fengið vonina og lífsviljann aftur á námskeiðinu. Maki viðkomandi var einnig í símtalinu og tók undir hvert orð. Makinn óskaði í kjölfarið eftir því að fá sæti á næsta námskeiði. Konan fékk síðar starf á sínu áhugasviði innan borgarinnar.

-Einstaklingur sem var í úrræðinu sótti um starf sem var auglýst í deild viðkomandi og var ráðinn. Viðkomandi sagði að „Þegar ég fékk starfið hafði ég verið atvinnulaus í eitt og hálft ár og varla fengið viðtal“ og var þakklátur fyrir tækifærið.

-Einstaklingur fór í nýsköpunarstarf innan borgarinnar, í starfinu vann viðkomandi m.a. að umsókn um námskeiðshald fyrir atvinnulausa. Veittur var styrkur sem nemur tæplega 7 milljónum.



3 INNGANGUR

Vinnumarkaðsaðgerðir Reykjavíkurborgar hófust haustið 2020 en þær voru hluti af viðspyrnuaðgerðum borgarinnar í kjölfar heimsfaraldursins Covid-19. Markmið aðgerðanna var að takast á við stöðu á vinnumarkaði en atvinnuleysi hafði aukist mikið í faraldrinum. Tímalína ákvarðana Reykjavíkurborgar er eftirfarandi:

- 26. mars 2020 – Ákveðið að fara í 13 viðspyrnuaðgerðir og voru vinnumarkaðsaðgerðir ein af þeim.
- 27. apríl 2020 – Nánari útlistun á vinnumarkaðsaðgerðum.
- 25. janúar 2021 – Ákveðið að halda áfram með vinnu- og virkniaðgerðir og að koma á fót atvinnu- og virknimiðlun.
- 1. júní 2021 – Allar stöður í atvinnu- og virknimiðlun fullmannaðar.
- 30. apríl 2022 – Vinnumarkaðsaðgerðum lýkur.

Atvinnu- og virknimiðlun var samstarfsverkefni mannauðs- og starfsumhverfissviðs annars vegar og velferðarsviðs hins vegar. Unnið var með virkni einstaklinga og miðlun í atvinnu. Lögð var áhersla á að aðstoða einstaklinga á fjárhagsaðstoð til framfærslu annars vegar og einstaklinga í langtíma atvinnuleysi hins vegar.

Starfsstaðir Reykjavíkurborgar gátu ráðið inn einstaklinga í allt að 6 mánuði en miðað var við 100% starf og ekki þurfti að vera laust stöðugildi á starfsstaðnum. Laun- og launatengd gjöld fyrir einstaklinginn voru greidd úr sjóði atvinnu- og virknimiðlunar á tímabilinu. Starfsstöðvum stóð því til boða að ráða einstakling sér að kostnaðarlausu í allt að 6 mánuði.

Vinnumarkaðsaðgerðir Reykjavíkurborgar hófust um svipað leiti og átaksverkefni ríkisins gegn atvinnuleysi sem kallaðist “Hefjum störf”. Vinnuálastofnun hélt utan um verkefnið fyrir hönd ríkisins en mikið samstarf var á milli Reykjavíkurborgar og VMST á tímabilinu. Auk þess var Atvinnu- og virknimiðlun í samstarfi við Virkniús, sem er úrræði fyrir endurhæfingu einstaklinga.

Vinnumarkaðsaðgerðirnar voru hluti af Græna plani Reykjavíkur og stuðluðu að því að Reykjavík er borg fyrir fólk þar sem engin er skilin eftir og að fólk er í fyrirrúmi. Vinnumarkaðsaðgerðirnar stuðluðu að því að íbúar geti haft jákvæð áhrif á eigið líf og annarra í nútíð og framtíð.

Yfir atvinnu- og virknimiðlun var stýrihópur, og yfir stýrihópnum var borgarstjóri. Stýrihópurinn skipaðu:

- Þorsteinn Gunnarsson, borgarritari
- Lóa Birna Birgisdóttir sviðsstjóri, mannauðs- og starfsumhverfissviðs
- Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs
- Halldóra Káradóttir, sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs


Á meðan á verkefninu stóð var fylgst með þróun atvinnuleysis og fjölda fólks á fjárhagsaðstoð til framfærslu. Áherslum var breytt með tilliti til þróunar fjölda atvinnulausra og fjölda á fjárhagsaðstoð hverju sinni. Sem dæmi má nefna að í kringum mars 2021 var langtímaatvinnulausum farið að fjölga talsvert og var þá lögð aukin áhersla að að vinna sérstaklega með þann hóp.

Í greinargerð þessari eru tekin saman helstu atriði tengd virkni- og vinnumarkaðsaðgerðum Reykjavíkurborgar í kjölfar Covid-19.

4 PRÓUN OG ÁRANGURSMÆLIKVARÐAR

4.1 Þróun atvinnuleysis og fjölda á fjárhagsaðstoð

Á meðan á vinnumarkaðsaðgerðum stóð var fylgst með þróun atvinnuleysis á landsvísi, á höfuðborgarsvæðinu og í Reykjavík. Þróunin var svipuð óháð staðsetningu og var hámark atvinnuleysis í janúar 2021. Fjöldi atvinnulausra var síðan í október 2021 nokkuð svipaður og fyrir heimsfaraldur eða í febrúar 2020, sjá nánar á mynd 4.1.



Mynd 4.1: Atvinnuleysi í Reykjavík (blátt) og á höfuðborgarsvæðinu (gult).

Mesti fjöldi einstaklinga sem fékk fjárhagsaðstoð meðan á verkefninu stóð var í ágúst 2020 eða samtals 1.418 einstaklingar. Þá var fjöldi einstaklinga orðinn álíka mikill í desember 2021 og fyrir heimsfaraldurinn í janúar 2020 en þá var fjöldinn 1.114 einstaklingar. Síðan í janúar 2022 hefur svo verið nokkur aukning og var nú í mars 2022 samtals 1.283 einstaklingar, sem má rekja að mestu til flóttafólks frá Úkraínu, sjá nánar á mynd 4.2.

Undanfarin ár hefur verið aukning á meðalfjölda einstaklinga sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu. Árið 2018 var fjöldinn að meðaltali 960 einstaklingar á mánuði. Árið 2021 var fjöldinn orðinn 1.224 sem var þó nokkru minna en þegar áhrif Covid-19 voru hvað mest, sjá nánar í töflu 4.1. Rekja má þessa fjölgun á milli ára að stórum hluta til aukinnar móttöku flóttafólks. Markmið Reykjavíkurborgar er að flóttamenn aðlagist okkar samfélagi og því mikilvægt að taka vel á móti þeim og undirbúa þá fyrir atvinnuþátttöku, meðal annars svo þeir festist ekki á fjárhagsaðstoð.

Fjárhagsaðstoð - fjöldi notenda



Mynd 4.2: Fjöldi einstaklinga á fjárhagsaðstoð.

Tafla 4.1: Fjöldi einstaklinga sem fær fjárhagsaðstoð að meðaltali í mánuði

Ár	Fjöldi einstaklinga
Mars 2022 – til samanburðar	1.283
Árið 2021	1.224
Árið 2020	1.296
Árið 2019	1.053
Árið 2018	960

4.2 Hópurinn

Í þessari skýrslu er fjallað um einkenni hóps einstaklinga annars vegar sem voru á skrá hjá Vinnumálastofnun og hins vegar einstaklinga sem fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu. Segja má að ákveðin einkenni hafi verið á hópnum en jafnframt voru þeir fjölbreyttir, sem dæmi voru aldur og menntunarstig breytileg.

Einstaklingar búsettir í Reykjavík á skrá Vinnumálastofnunar voru í apríl 2021 samtals 8.296. Þar af voru um 55% með íslenskt ríkisfang og 45% með erlent ríkisfang. Konur voru 44% þeirra og karlar 56%. Það voru alls 2.639 á

aldursbilinu 30-39 ára, 2.332 á aldersbilinu 16-29 ára, 1.795 á aldersbilinu 50 ára og eldri, og að lokum 1.530 á aldersbilinu 40-49 ára. Flestir voru með grunnskólapróf eða um 40%, þar á eftir var fólk með háskólamenntun eða um 27%. Fjöldi einstaklinga milli mánaða var breytilegur meðan á vinnumarkaðsaðgerðum stóð en mynstur með tilliti til kyns, ríkisfangs og aldurs svipað. Nefna má að á landvísu er hlutfall atvinnulausra kvenna almennt hærra en karla, sem er ólíkt því sem er í Reykjavík.

Af þeim 1.118, sem fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu í nóvember 2021 var fjölmennasti hópur með tilliti til fjölskyldugerðar einhleypir karlar, sem voru samtals 636, næst fjölmennasti hópurinn voru einhleypar konur eða samtals 204, næst á eftir einhleypar mæður, sem voru samtals 157. Fjöldi einstaklinga með íslenskt ríkisfang var 62% og þeirra með erlent ríkisfang 38%. Flóttafólk var 248 einstaklingar eða 22% af heildarfjöldanum. Þá var fjölmennasti aldurshópurinn 30-39 ára, líkt og sést í töflu 4.2.

Tafla 4.2: Aldursdreifing einstaklinga sem fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu

Aldurflokkur	Fjöldi einstaklinga
19 ára og yngri	31
20-24 ára	121
25-29 ára	189
30-39 ára	342
40-49 ára	246
50-59 ára	124
60-66 ára	51
67 ára og eldri	11

Líkt og með einstaklinga á skrá hjá Vinnumálastofnun þá breyttist fjöldi einstaklinga sem fékk fjárhagsaðstoð milli mánaða en svipað mynstur var með tilliti til kyns, aldurs o.s.frv. Fjöldi flóttafólks var þó nokkuð breytilegur.

4.3 Ráðningar

Samtals voru 262 einstaklingar ráðnir í vinnumarkaðsaðgerðunum. Haldið var utan um ýmsa þætti tengda ráðningum með það að markmiði að hafa yfirsýn yfir hvaðan einstaklingar voru sem fengu ráðningu, hvernig störf væri verið að miðla í, á hvaða svið þeir færu innan borgarinnar, af hvaða kyni einstaklingar voru, á hvaða aldri og ríkisfang þeirra.

Tegund ráðninga, þ.e. hvaðan einstaklingar komu inn í atvinnu- og virknimiðlun var skipt upp í 5 flokka og voru þeir eftirfarandi:

- **VMST 24-** Einstaklingar á skrá hjá Vinnumálastofnun skemur en 24 mánuði. Þeir áttu rétt á ráðningarstyrk Vinnumálastofnunar.
- **VMST 24+** Einstaklingar á skrá hjá Vinnumálastofnun lengur en 24 mánuði. Þeir áttu rétt á stærri ráðningarstyrk Vinnumálastofnunar, sem komið var á í áttaksverkefninu: Hefjum störf í kjölfar Covid-19.
- **VEL 30+ Fjárhagsaðstoð** Einstaklingar sem höfðu verið á skrá hjá Vinnumálastofnun í 30 mánuði og fengu í kjölfar þess fjárhagsaðstoð. Þessir einstaklingar áttu rétt á stærri ráðningarstyrk Vinnumálastofnunar, sem komið var á í áttaksverkefninu: Hefjum störf í kjölfar Covid-19.
- **VEL Fjárhagsaðstoð** Einstaklingar sem fá fjárhagsaðstoð.
- **VEL IPS** Einstaklingar sem fá fjárhagsaðstoð og eru í úrræðinu IPS (Individual placement and support).


Sjá má helstu tölfræði yfir ráðningar í töflu 4.3 með tilliti til tegundar og á hvaða ári ráðningarnar fóru fram.

Samtals var 158 einstaklingum á skrá hjá Vinnumálastofnun miðlað í störf og og alls 104 einstaklingum sem fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu. Mestur fjöldi ráðninga var árið 2021.

Stór hluti ráðninga einstaklinga í hópnum VMST24- var í fyrri hluta vinnumarkaðsaðgerðanna en um miðbik aðgerðanna var lögð aukin áhersla á langtímaatvinnulausa og fólk sem fékk fjárhagsaðstoð til framfærslu.


Tafla 4.3: Fjöldi ráðninga m.t.t. tegundar og árs

Tegund ráðningar	2020	2021	2022	Samtals
VMST 24-	61	28	10	99
VMST 24+	0	48	11	59
VEL 30+ Fjárh.aðstoð	0	7	0	7
VEL Fjárhagsaðstoð	22	41	20	83
VEL IPS	0	14	0	14
Samtals	83	138	41	262



Mynd 4.3.: Fjöldi ráðninga eftir mánuðum og hópum.


Flestar ráðningar voru á velferðarsvið (VEL) og næstflestar á skóla- og frístundasvið (SFS), sem er í takt við að þetta eru stærstu sviðin. Leitast var við að miðla í störf þar sem vöntun var en á sama tíma tekið tillit til að miðla einstaklingum í störf innan áhugasviðs þeirra. Sjá nánari skiptingu milli sviða á mynd 4.4.



Mynd 4.4: Fjöldi ráðninga eftir sviðum og fyrirtækjum.


Konur voru 55% þeirra sem voru ráðnir en 45% voru karlar. Þá voru 80% einstaklinga með íslenskt ríkisfang og 20% með erlent ríkisfang.

Flestir sem ráðnir voru, voru á aldursbilinu 30-39. ára, en næstflestir á aldursbilinu 40-49. ára. Sjá nánar á mynd 4.5.



Mynd 4.5: Fjöldi ráðninga eftir aldri.

Atvinnu- og virknimiðlun útbjó flokkun á tegundum starfa og var þar sérstaklega horft til þess að sú flokkun myndi henta störfum innan borgarinnar. Flestar ráðningar voru í skrifstofustarf þar sem krafa var gerð um háskólamenntun, næstflestar í skrifstofustarf þar sem ekki var krafist háskólamenntunar, því næst í umönnun og stuðning o.s.frv., sjá nánar mynd 4.6.



Mynd 4.6: Fjöldi ráðninga eftir atvinnugrein.

Vinnumarkaðsaðgerðirnar hafa einnig náð að virkja fólk í atvinnuleit og hafa á tímabilinu átt sér stað margar óbeinar ráðningar. Það gerist þannig að í kjölfar þess að atvinnu- og virknimiðlun hefur samband fara einstaklingar í virka atvinnuleit og fá atvinnu á eigin vegum. Auk þess hefur einstaklingum, sem ljóst var að væru ekki vinnufærir verið komið í annað úrræði, svo sem endurhæfingarárræði.

Byrjað var um mitt ár 2021 að skrá snertingar við einstaklinga með dagsetningu. Með snertingum er átt við símtöl, tölvupósta, viðtöl og annað sem tengdist virkni og miðlun til einstaklings. Snertingar gátu verið við einstaklinginn, ráðgjafa hans, stjórnanda sem verið var að miðla til o.s.frv. Markmiðið var að ná utan um umfang vinnu atvinnu- og virknimiðlunar og að halda utan um þjónustu okkar við einstaklingana. Á tímabilinu maí 2021-apríl 2022 voru 7.500 snertingar skráðar. Dæmi eru um að ráðningar hafi átt sér stað í kjölfar 60 snertinga.

4.4 Ýtarlegri greining á ráðningum

Í lok úrræðisins var haldið utan um hvort einstaklingar fengu áframhaldandi starf eða ekki. Ýmsar ástæður gátu verið fyrir því að fólk fengi ekki áframhald svo sem að ekki væri laust stöðugildi á starfsstöð eða að frammistaða einstaklingsins væri ekki sem skyldi. Jafnframt kom upp sú staða að ráðning gekk ekki upp, það er að fólk hætti mjög fljótt eftir að það byrjaði og gat ástæðan til dæmis verið sú að fólk treysti sér ekki í starfið. Í þeim tilfellum var leitast við að finna önnur úrræði fyrir einstaklinginn, svo sem endurhæfingu.

Í kjölfar skráningar um áframhald eða ekki var haldið frekar utan um atvinnustöðu einstaklinga. Ákveðið var að kanna reglulega hvort einstaklingar sem höfðu fengið fjárhagsaðstoð komu þangað aftur inn með það að markmiði að grípa þá aftur og aðstoða, og auk þess meta árangur úrræðisins.

Af þeim sem voru á skrá hjá Vinnumálastofnun og voru í vinnumarkaðsaðgerðum þá voru í hópnum 24- VMST alls 47% sem fengu áframhald, 48% sem fengu ekki áframhald, og 5% þar sem ráðning gekk ekki upp. Þá voru í hópnum 24+ VMST alls 39% sem fengu áframhald, 42% fengu ekki áframhald og 19% þar sem ráðning gekk ekki upp. Hafa skal í huga að enn eru einstaklingar í úrræðinu og því væri hægt að skoða ofangreint aftur í

lok október 2022. Af þeim sem komu frá Vinnumálastofnun eru núna um 70% sem eru í úrræðinu í hópnum 24+ VMST og um 30% í 24- VMST hópnum.

Rýnt var í mál einstaklinga sem ráðnir voru í gegnum vinnumarkaðsúrræðið. Út frá rýningu mátti sjá að mikill munur gat verið á því hversu lengi þeir höfðu verið að fá fjárhagsaðstoð. Að meðaltali höfðu þeir fengið fjárhagsaðstoð í 28 mánuði. Einstaklingurinn sem var búinn að vera lengst með fjárhagsaðstoð hafði verið í 134 mánuði og sá sem hafði verið styst hafði verið í 2 mánuði með fjárhagsaðstoð.

Rýning var gerð í nóvember 2021 til þess að sjá hversu margir af þeim sem höfðu verið ráðnir í gegnum vinnumarkaðsúrræðið höfðu fengið áframhald á ráðningu. Af 50 einstaklingum sem höfðu klárað ráðningu í úrræðinu voru 19 sem fengu áframhaldandi ráðningu, 14 voru aftur komnir á fjárhagsaðstoð og 17 einstaklingar voru ekki komnir aftur á fjárhagsaðstoð. Sýndi það að 72% komu ekki aftur á fjárhagsaðstoð eftir vinnumarkaðsúrræðið.

Önnur rýning fór fram í apríl 2022 þar sem rýnt var í einstaklingana sem höfðu klárað ráðningu í úrræðinu. Sýndi hún að 17 einstaklingar voru komnir aftur með fjárhagsaðstoð og 61 einstaklingur var ekki kominn með fjárhagsaðstoð eftir að ráðningu lauk. Sjá má að hlutfall þeirra sem komu ekki aftur á fjárhagsaðstoð eftir vinnumarkaðsúrræðið hafði aukist upp í 78% og hefur því hækkað frá því að rýning fór fram í nóvember 2021.

Í seinni rýningunni kom fram að þeir 17 sem komu aftur á fjárhagsaðstoð eftir vinnumarkaðsúrræðið höfðu verið að meðaltali með fjárhagsaðstoð í 38 mánuði og voru 88% af þeim Íslendingar. Þeir 61 sem komu ekki aftur á fjárhagsaðstoð höfðu verið að meðaltali í 24 mánuði með fjárhagsaðstoð og voru 66% af þeim Íslendingar.

Ávinningur af vinnumarkaðsaðgerðunum birtist meðal annars í því að fjöldi notenda á fjárhagsaðstoð var 23% undir áætlun fyrstu sex mánuði ársins 2021. Fjárhagsaðstoð til framfærslu kostar sveitarfélag um 2,6 milljónir á ári fyrir hvern einstakling en ofan á það geta bæst heimildagreiðslur. Það getur því verið mikill fjárhagslegur hvati fyrir sveitarfélag að halda úti vinnumarkaðsaðgerðum sem þessum. Að auki má nefna að samfélagslegur ávinningur er af fleiri vinnandi höndum á atvinnumarkaðinum, sérstaklega nú þegar skortur er á starfsmönnum á ýmsum sviðum.

Lífsgæði einstaklinga sem fá tækifæri til að komast út á vinnumarkaðinn aukast til muna og einnig þeirra sem eru á kringum þá, til dæmis fjölskyldna þeirra. Einstaklingarnir valdeflast og sjálfstraustið eykst. Tækifærin sem að vinnumarkaðsaðgerðirnar gáfu einstaklingum skiptu því meginmáli fyrir framtíð einstaklingsins. Í ljósi þessa er hagur einstaklingsins, sveitarfélagsins og samfélagsins að virkja einstaklingana og aðstoða þá við að fá tækifæri til þess að komast út á vinnumarkaðinn.

4.5 Stjórnendakannanir

Á meðan á verkefninu stóð voru gerðar tvær kannanir meðal stjórnenda Reykjavíkurborgar, sem ráðið höfðu í gegnum úrræðið. Sú fyrri í september 2021 og sú síðari í maí 2022.

Niðurstöður stjórnendakönnunar sem gerð var í september 2021 sýndu ótvíræða ánægju með aðgerðirnar, en könnunin var send öllum stjórnendum sem ráðið hafa starfsfólk í gegnum Atvinnumiðlun Reykjavíkurborgar. 97% svarenda sögðust myndu ráða fólk aftur með þessum hætti og 88% sögðu starfsfólk sem ráðið var í gegnum vinnumarkaðsaðgerðir hafa staðið sig mjög eða frekar vel. Þá voru 93% mjög eða frekar ánægðir með þjónustu atvinnu- og virknimiðlunar. Margir stjórnendur nefndu einnig að þessir starfsmenn hefðu stuðlað að jákvæðri þróun og komið með nýja þekkingu eða menningu inn á vinnustaðina. Einnig nefndu einhverjir að tími úrræðisins væri of stuttur og hefðu viljað framlengja tímabilinu, þ.e. einstaklingar voru rétt að komast almennilega inn í starfið eftir 6 mánuði eða þegar úrræðinu lauk fyrir einstaklinginn. Niðurstöður könnunar sem gerð var í apríl 2022 voru mjög svipaðar þeim fyrri.

4.6 Viðbótarsumarstörf

Alls voru 934 viðbótarsumarstörf fyrir námsfólk 18. ára og eldri í boði í samvinnu við Vinnumálastofnun og voru þau fullnýtt af sviðum Reykjavíkurborgar. Einnig var fjölgað um 200 störf fyrir 17 ára einstaklinga og voru þau einnig fullnýtt af sviðum Reykjavíkurborgar. Almenn ánægja er með sumarstarfsfólk og mörg verkefni sem hafa fengið brautargengi vegna þessa.

Alls komu 64 beiðnir um aðstoð við atvinnuleit fyrir nema á milli anna til virknimiðlunar sumarið 2021. Alls fengu 13 vinnu yfir sumarið ýmist hjá

Reykjavíkurborg eða annars staðar. Þá fengu 6 hlutastarf. Alls voru 21 skráðir sjúklingar. 24 voru atvinnulausir yfir sumarið og 1 flutti í annað sveitarfélag í júní. Ekki náðist í alla en reynt var að hringja í alla.

5 STARFSEMI OG LÆRDÓMUR

5.1 Verklag

Vinnumálastofnun er með á lista hjá sér einstaklinga sem eiga rétt á atvinnuleysisbótum. Samstarf var við Vinnumálastofnun og miðlaði hún eftir ákveðnum forsendum einstaklingum beint til atvinnumiðlunar.

Einstaklingar sem ekki eiga rétt á atvinnuleysisbótum geta sótt um fjárhagsaðstoð til framfærslu hjá sveitarfélögum. Virknimiðlun vann með og mat þá einstaklinga áður en þeim var miðlað í atvinnumiðlun.

Atvinnumiðlun fékk miðlað einstaklingum frá Vinnumálastofnun og virknimiðlun, tók forviðtal við einstaklinga og leitaðist í kjölfarið við að miðla fólki í störf.

Teymi atvinnu- og virknimiðlunar hittist vikulega á stöðufundum, sem teymisstjóri Virknihúss mætti einnig á. Fjallað var um helstu verkefni og áskoranir, þróun atvinnuleysis og fjölda sem fékk fjárhagsaðstoð. Einnig voru fundir nýttir í að samstillta teymið og skipta á milli verkum. Afgreiðslufundir ráðgjafa voru innleiddir nokkru síðar þar sem fjallað var um einstaklingsmál og reyndist það vel til að taka ákvarðanir um ákveðin mál.

Endurgreiðslur á launum og launatengdum gjöldum komu úr potti atvinnu- og virknimiðlunar. Sóttir voru ráðningarstyrkir til Vinnumálastofnunar, sem komu þá til niðurgreiðslu til framlags Reykjavíkurborgar vegna vinnumarkaðsaðgerða. Ráðningar sem voru til B-hluta fyrirtækja og annarra fyrirtækja fóru ekki í gegnum pott atvinnu- og virknimiðlunar, heldur sáu fyrirtækin sjálf um að sækja ráðningarstyrki til Vinnumálastofnunar.

Virknimiðlun var helst í virkniráðgjöf og starfsmennirnir tilheyrðu velferðarsviði. Atvinnumiðlun var helst í atvinnuráðgjöf og tilheyrðu starfsmennirnir mannauðs- og starfsumhverfisviði. Starfsmenn störfuðu í samrýmdu teymi.

Saman notaðist teymið við rás á Teams til að halda utan um gögn og eiga samskipti, jafnframt var notast við OneNote. Hugað var að persónuvernd og aðgangsstýringu. Virknimiðlun notaðist við Málaskrá, sem atvinnumiðlun hafði ekki aðgang að. Þá notaðist atvinnumiðlun við rás á Teams, sem virknimiðlun hafði ekki aðgang að. Gekk þetta fyrirkomulag vel og starfsmenn almennt ánægðir með fyrirkomulagið.

Til að kynna úrræðið fyrir stjórnendum og stafsmönnum Reykjavíkurborgar var meðal annars útbúið stutt myndband, sem lýsti tilgangi og fyrirkomulagi vinnumarkaðsaðgerða. Er það metið svo að það hafi nýst vel til að skýra vinnumarkaðsaðgerðirnar. Á tveimur mínútum var hægt að vita allt það helsta um verkefnið og hvað stjórnendur þurftu að gera til þess að taka þátt.

Mælaborð var útbúið í samstarfi við ÞON (þjónustu- og nýsköpunarvið) og þar gat teymið og stýrihópur atvinnu- og virknimiðlunar fylgst með þróun atvinnuleysis og fjölda á fjárhagsaðstoð, helstu staðreyndum um ráðningar og fjölda og eðli snertinga. Líkt og kom fram í kafla 4.3 geta snertingar verið við einstaklinginn, ráðgjafa hans, stjórnendur sem verið var að miðla til o.s.frv. Þar var auk þess skráð hvers eðlis þær voru, þ.e. símtal, tölvupóstur, viðtal o.fl.

5.2 Virknimiðlun

Ráðgjafar á þjónustumiðstöðvum gátu vísað einstaklingum í virknimiðlun. Jafnframt rýndi virknimiðlun reglulega lista yfir einstaklinga sem fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu og leitaðist við að virkja þá einstaklinga sem hentuðu í úrræði atvinnu- og virknimiðlunar. Einstaklingum sem þurftu lítinn stuðning var miðlað beint í atvinnumiðlun en einstaklingum sem þurftu meiri stuðning var beint á námskeið virknimiðlunar. Við mat á þjónustupörf einstaklinga var haft samband við félagsráðgjafa viðkomandi en í þeim tilfellum sem viðkomandi var ekki með fastan ráðgjafa var haft beint samband við einstaklinginn. Í sumum tilfellum var haft samráð við rafræna þjónustumiðstöð um einstaklinginn og hans aðstæður.

Virknimiðlun hélt tvö ólík námskeið á starfstímanum. Annars vegar námskeiðið “Starfabrú” og hins vegar “Út á vinnumarkaðinn”. Námskeiðin voru staðbundin en ekki var boðið upp á rafræna kennslu þar sem ein af

áherslum námskeiðsins var á að kynnast þátttakendum og greina vinnufærni þeirra. Á námskeiðinu “Út á vinnumarkaðinn” var farið yfir gerð ferilskráa, kynningarbréfa og farið í hlutverkaleik fyrir atvinnuviðtal, Fengnir voru fyrirlesarar frá ASÍ og Umboðsmanni skuldara. Auk þess voru tveir fyrirlestrar frá sálfræðingi á námskeiðinu, þar sem farið var yfir virkni, svefn, kvíða og þunglyndi. Þá komu fyrirlesarar frá starfsstöðvum borgarinnar og öðrum fyrirtækjum. Þeir kynntu störf á sínum starfsstöðvum og einnig voru fyrirtæki heimsótt þar sem reynt var að fara á staði eftir áhugasviði hópsins hverju sinni. Námskeiðið reyndist mjög vel til þess að greina hvort einstaklingarnir voru tilbúnir til þess að snúa á vinnumarkaðinn eða hvort önnur úrræði myndu henta betur, t.d. starfsendurhæfing. Námskeiðið „út á vinnumarkaðinn“ var haldið fimm sinnum og reyndist það afar vel. Námsmat var lagt fyrir hvern hóp, sem kom vel út, en þátttakendur voru að mestu leyti ánægðir með námskeiðið. Námskeiðið var endurbætt eftir þörfum og ábendingum þátttakenda.

Á námskeiðinu “Starfabrú” voru þátttakendur arabískumælandi og var áhersla á íslenskukennslu og samfélagsfræðslu. Námskeiðið var haldið tvisvar sinnum. Nokkur áskorun reyndist að miðla einstaklingum í störf í kjölfarið þar sem krafa er um íslenskukunnáttu í flest störf innan borgarinnar. Íslenskukunnátta hópsins var ekki nægilega góð en auk þess var áhugasvið einstaklingana oft á störfum sem ekki voru innan borgarinnar. Á tíma þegar námskeiðið var haldið var lítið verið að miðla út fyrir Reykjavíkurborg.

Regluleg eftirfylgd var með einstaklingum sem fengu starf í gegnum vinnumarkaðsaðgerðirnar eða sóttu námskeiðið “Út á vinnumarkaðinn”. Eftirfylgni sýndi að mikill meirihluti einstaklinganna voru mjög ánægð í vinnunni.

Í vinnslu eru nokkur önnur úrræði sem munu taka betri mynd á næstkomandi mánuðum.

Hjálpræðisherinn og Hjálparstarf kirkjunnar hafa verið með saumaverkefni á sínum vegum. Verkefnið hefur verið í gangi í nokkurn tíma með góðum árangri og hafa hingað til verið í því konur sem flestar eru flóttamenn. Konurnar koma saman og sauma ýmis verkefni, svo sem gjafapoka og sængurver. Verkefnið hefur reynst vel í að auka félagslega virkni kvennanna og koma í veg fyrir

einangrun, Til stendur að stofna sambærilegt úrræði sem mun bera nafnið Tölum saman. Þar verður markmiðið að fólk hittist reglulega og æfi sig í íslensku með sjálfboðaliðum undir leiðsögn verkefnastjóra.

Kortlagðir hafa verið hópar sem hefur verið erfitt að miðla í störf s.s. fyrrverandi fangar og einstaklingar með skuldir. Leitað hefur verið lausna svo sem með samtali við Afstöðu, félag fanga. Til stendur að finna vinnustaði sem eru tilbúnir að ráða einstaklinga með afbrot á sakaskránni. Einnig hefur verið leitað lausna fyrir einstaklinga sem hafa safnað skuldum og ber þar helst að nefna samstarf við Umboðsmann skuldara.

Starfsmenn virknimiðlunar framkvæmdu í byrjun starfseminnar rýningu á öllum þeim sem voru að fá fjárhagsaðstoð. Var rýnt í vinnusögu, tungumálakunnáttu, atvinnuumsóknir, heilsu og starfsleyfi til þess að sjá hvort að starf stæði til boða fyrir viðkomandi. Þegar fór að líða á starfseminna var rýnt í einstaklinga sem voru nýkomnir inn á fjárhagsaðstoð. Var það gert með það í huga að grípa einstaklingana strax og aðstoða þá við að komast í viðeigandi virkni eða vinnu. Þegar námskeiðið Út á vinnumarkaðinn fór af stað var rýningin einnig framkvæmd með það í huga að skoða hvort að einstaklingarnir ættu að byrja á námskeiðinu áður en reynt væri að miðla þeim í starf.

Á fundi velferðarráðs Reykjavíkurborgar þann 21. október 2020 var lögð fram aðgerðaráætlun stýrihóps um aðgerðir gegn sárafatækt barna og fjölskyldna þeirra. Ein þeirra aðgerða sem lagðar voru til var að lagðar yrðu fram tillögur um stuðning og ráðgjöf fyrir þær barnafjölskyldur sem hafa fengið fjárhagsaðstoð til framfærslu í 12 mánuði eða lengur, á grundvelli greiningar á stöðu hópsins. Starfsmenn virknimiðlunar voru fengnir til að rýna fjölskyldurnar. Rýnt var tilgangsrúttak í júlí 2020 sem samanstóð af 85 fjölskyldum sem höfðu fengið fjárhagsaðstoð til framfærslu í 12 mánuði og lengur. Markmiðið var að kanna hvaða ráðgjafabjónusta var veitt foreldrum sem fengið hafa fjárhagsaðstoð til framfærslu lengur en í 12 mánuði og hvernig þjónustan var skráð og framkvæmd. Greint var hversu mörg viðtöl voru veitt, hvaða virkni var í gangi og hvort gerðar voru einstaklingsáætlanir/samkomulög um félagslega ráðgjöf. Einnig voru veittar heimildargreiðslur rýndar og þau samskipti sem ráðgjafinn átti við aðrar

stofnanir í tengslum við stuðning við fjölskylduna. Rýningin var síðan notuð til að koma með tillögur að úrbótum.

5.3 Atvinnumiðlun

Mannauðsráðgjafar í atvinnumiðlun tóku forviðtal við einstaklinga sem var miðlað frá Vinnumálastofnun annars vegar og frá virknimiðlun hins vegar. Í forviðtölum var farið yfir ferilskrá, reynslu og áhugasvið einstaklingsins. Í kjölfarið var svo unnið með einstaklinginn og leitast við að miðla viðkomandi í starf sem talið var henta. Ferilskrá var send viðkomandi stjórnanda og stjórnandi tók atvinnuviðtal í framhaldinu. Það var alfarið í höndum stjórnanda hvort viðkomandi yrði boðið starf eða ekki í kjölfarið. Nokkuð oft kom fyrir að einstaklingum var miðlað á fleiri en einn stað.

Vegna COVID-19 voru forviðtöl tekin á fjarfundi. Gekk það í langflestum tilfellum vel en í nokkrum tilfellum var stuðst við símaviðtal vegna tæknilegra erfiðleika.

Ráðgjafar teymisins sáu um undirbúning og umsýslu ráðningar, þ.e. útfylltu ráðningarform, sáu um breytingarblöð o.s.frv. með það að markmiði að létta undir með stjórnendum.

Leitast var við að ráða í störf þar sem vitað var til að starfsfólk vantaði. Ef einstaklingur sýndi t.d. áhuga á starfi í leikskóla var honum miðlað þangað mjög fljótt.

Atvinnumiðlun tók þátt í samvinnuverkefni með Vinnumálastofnun og SFS (skóla- og frístundasvið). Í kjölfar á íslenskunámskeiði með áherslu á leikskóla miðlaði atvinnumiðlun einstaklingum í störf og í starfsþjálfun á leikskóla.

5.4 Tengiliðir og samstarf

Náið samstarf var við Virkniús og mætti fulltrúi frá þeim á vikulega stöðufundi atvinnu- og virknimiðlunar. Frá einu úrræða Virkniúss, þ.e. IPS (Individual placement and support) var einstaklingum miðlað í atvinnu- og virknimiðlun. Þá var einstaklingum í virknimiðlun einnig miðlað í þeirra úrræði, s.s. IPS og Grettistak.

Virknimiðlun var í miklum samskiptum við ráðgjafa á þjónustumiðstöðvum og atvinnumiðlun í miklum samskiptum við stjórnendur. Bæði virknimiðlun og atvinnumiðlun voru í samskiptum við einstaklinga.

Samstarf var við B-hluta fyrirtæki borgarinnar; Veitur, Sorpu, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Faxaflóahafnir, Strætó og Félagsbústaði og opnað á þann möguleika að einstaklingum væri miðlað til þeirra. Með því var hægt að miðla í fjölbreyttari störf og var einstaklingum miðlað þangað ef áhugasvið þeirra lá innan starfsemi þeirra fyrirtækja.

B-hluta fyrirtæki og önnur fyrirtæki voru heimsótt á námskeiðum virknimiðlunar. Síðustu mánuði vinnumarkaðsaðgerða í kjölfar lægra atvinnuleysis var unnið að því að miðla einstaklingum í auknum mæli í önnur fyrirtæki m.t.t. áhugasviðs.

5.5 Lærdómur

Atvinnu- og virknimiðlun var hreyfanlegt úrræði í þeim skilningi að áherslur voru breytilegar á meðan verkefninu stóð. Fylgst var með ytri aðstæðum s.s. atvinnuleysi og ákvarðanir um áherslur teknar m.t.t. þess. Jafnframt voru áherslubreytingar í tegund námskeiða. Starfabrú var til að mynda lögð niður eftir tvö skipti þar sem erfiðlega gekk að finna úrræði fyrir arabískumælandi einstaklinga. Auk þess var atvinnumiðlun fyrir flesta einstaklingana á ábyrgð Vinnumálastofnunar en stofnunin ber ábyrgð á atvinnumiðlun flóttamanna fyrstu þrjú árin. Starfsemin var því stöðugt í þróun og nýtist sá lærdómur nú í áframhald á atvinnu- og virknimiðlun (sjá nánar í niðurstöðum).

Í upphafi vinnumarkaðsaðgerða var lagt upp með að stjórnendur sendu inn beiðnir um einstaklinga í ákveðin störf sem þá vantaði starfsfólk í. Reynslan sýndi svo að það gat gengið erfiðlega að finna fólk í sum þeirra og að í raun virkaði betur að láta áhugasvið einstaklingsins ráða för. Það er, að hlusta eftir áhuga einstaklingsins og í kjölfarið hafa samband við stjórnendur sem voru mögulega með starf fyrir viðkomandi. Átti það sérstaklega við þegar fækkaði í hópnum vegna minna atvinnuleysis og aukin áhersla var á fólk sem hafði verið atvinnulaust í yfir 24 mánuði og einstaklinga sem fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu.

Fyrstu mánuði starfseminnar sátu atvinnumiðlun og virknimiðlun á sitt hvorum staðnum. Samkomutakmarkanir COVID-19 urðu til þess að teymið hittist á fjarfundum en þau náðu ekki að hittast augliti til auglitis. Þegar teymið var sameinað á einum stað í ráðhúsinu myndaðist aukin liðsheild og boðleiðir urðu styttri. Það var því almenn ánægja með það meðal starfsmanna og aukin skilvirkni.

Krafa er um hreint sakavottorð í mörgum störfum á SFS (skóla- og frístundasviði) og VEL (velferðarsviði). Krafa er gerð um að fólk skili sakavottorði frá Íslandi og þeim löndum þar sem viðkomandi hefur búið. Margir erlendir ríkisborgarar, sérstaklega flóttafólk, átti erfitt með að nálgast þessi gögn. Margir í þessum hópi höfðu áhuga á kjarnastörfum á þessum sviðum, sérstaklega konur, sem oft höfðu starfsreynslu og jafnvel menntun innan fagsins. Þeim var ekki þeim miðlað í þessi störf vegna fyrrgreindra krafna. Til skoðunar er hvort gera eigi breytingar eða undanþágur fyrir flóttafólk, sem getur engan veginn útvegað sakavottorð frá heimalandinu.

Krafa um íslenskunnáttu er nokkuð mikil í mörg störf innan borgarinnar m.a. vegna þess að nauðsynlegt er að geta talað við þjónustuþega. Margir einstaklingar sem voru af erlendu bergi brotnir höfðu takmarkaða íslenskukunnáttu og gekk því erfiðlega að finna störf fyrir viðkomandi innan borgarinnar. Því var ályktað að auka ætti vægi og aðgengi tungumálakennslu fyrir fólk með erlent ríkisfang. Tungumálið er líka lykill þess að fólk komist inn í íslenskt samfélag og fái inngildingu (inclusion).

Ef einstaklingar voru vinnufærir, með raunhæfar kröfur og sýndu vinnuvilja var reynslan að einstaklingurinn var kominn í starf innan tveggja vikna. Erfiðlega reyndist að miðla einstaklingum þar sem vinnuvilji var ekki eins skýr og þar sem einstaklingar svöruðu síma illa.

Skráning á snertingu við einstaklinga hjálpaði teyminu að hafa yfirsýn og þannig þjónusta einstaklinga betur. Þessi gögn gerðu það að verkum að auðveldara var að meta umfang vinnunnar, t.d. mánuð fyrir mánuð og greina form samskiptanna. Skráning á ráðningum m.t.t. aldurs, kyns og ríkisfangs sýndi líka skýrt hvaða hópa væri verið að ráða.

Eftir að áhersla var sett á 24+ VMST og einstaklinga á fjárhagsaðstoð þurfti fleiri snertingar til að ná ráðningum.

Námskeiðið Út á vinnumarkaðinn útvíkkaði oft hugmyndir einstaklinga um störf sem þeir gátu ímyndað sér að vinna. Má rekja það helst til kynningar á störfum, fyrirtækjaheimsóknum og samtölum í tímum. Hugarfar þátttakenda varð líka oft jákvæðara þegar leið á námskeiðið.

6 NIÐURSTÖÐUR

Vinnumarkaðsaðgerðir Reykjavíkurborgar hófust sumarið 2020 en þeim lauk í apríl 2022. Vinnumarkaðsaðgerðirnar voru hluti af viðspyrnuaðgerðum borgarinnar í kjölfar heimsfaraldursins Covid-19. Markmið aðgerðanna var að takast á við stöðu á vinnumarkaði en atvinnuleysi hafði aukist mikið í faraldrinum. Samhliða auknu atvinnuleysi fjölgaði einstaklingum sem fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu. Í apríl 2022 hafði atvinnuleysi nokkurn vegin gengið til baka og staðan á vinnumarkaði var allt önnur en var í heimsfaraldrinum.

Í vinnumarkaðsaðgerðunum var lögð var áhersla á að aðstoða einstaklinga á fjárhagsaðstoð annars vegar og einstaklinga í langtíma atvinnuleysi hins vegar. Ráðnir voru 262 einstaklingar í tímabundin störf í gegnum vinnumarkaðsaðgerðir Reykjavíkurborgar. Ef einstaklingar voru vinnufærir, með raunhæfar kröfur og sýndu vinnuvilja var það reynslan að þeir voru mjög oft komnir í starf innan tveggja vikna.

104 einstaklingar á fjárhagsaðstoð til framfærslu voru ráðnir í starf í gegnum vinnumarkaðsaðgerðirnar. Um 80% þeirra einstaklinga komu ekki aftur á fjárhagsaðstoð eftir að starfstíma lauk. Ávinningur af vinnumarkaðsaðgerðunum birtist meðal annars í því að fjöldi notenda á fjárhagsaðstoð var 23% undir áætlun fyrstu sex mánuði ársins 2021. Fjárhagsaðstoð til framfærslu kostar sveitarfélag um 2,6 milljónir á ári fyrir hvern einstakling en ofan á það geta bæst heimildagreiðslur. Það getur því verið mikill fjárhagslegur hvati fyrir sveitarfélag að halda úti vinnumarkaðsaðgerðum sem þessum.

Eftirfylgni sýndi að mikill meirihluti einstaklinganna, sem höfðu fengið fjárhagsaðstoð voru mjög ánægð í vinnunni. Störfin höfðu gríðarlega jákvæð

áhrif á líðan, fjárhag og líf þeirra. Lífsgæði einstaklinga sem fá tækifæri til að komast út á vinnumarkaðinn aukast til muna og einnig þeirra sem eru á kringum þá, til dæmis fjölskyldna þeirra. Einstaklingarnir valdeflast og sjálfstraustið eykst. Tækifærin sem að vinnumarkaðsaðgerðirnar gáfu einstaklingum skiptu því megin máli fyrir framtíð þeirra.

Vinnumarkaðsaðgerðirnar skiluðu 934 viðbótarsumarstörfum fyrir 18 ára og eldri og 400 störfum fyrir 17 ára einstaklinga, síðustu tvö sumur.

Niðurstöður stjórnendakönnunar sýndu ótvíræða ánægju með aðgerðirnar en könnunin var send öllum stjórnendum sem ráðið hafa starfsfólk í gegnum Atvinnumiðlun Reykjavíkurborgar. 97% svarenda sögðust myndu ráða fólk aftur með þessum hætti og 88% sögðu starfsfólk sem ráðið var í gegnum vinnumarkaðsaðgerðir hafa staðið sig mjög eða frekar vel.

Það er reynsla atvinnu- og virknimiðlunar að margir einstaklingar sem fá fjárhagsaðstoð og hafa verið án atvinnu til lengri tíma þurfa aðstoð við að komast aftur í virkni og atvinnu. Það var því lögð fram tillaga í borgarráði 30. mars 2022 um áframhald á atvinnu- og virknimiðlun með breyttum forsendum, sem var samþykkt samhljóða af öllum borgarfulltrúum. Verkefnið verður þá þróunarverkefni til tveggja ára, flyst yfir í Virkniús og þjónustar þá sem fá fjárhagsaðstoð við að koma sér í virkni og atvinnu. Vinnumálastofnun þjónustar þá sem eiga rétt á atvinnuleysisbótum í atvinnuleit og því ekki er lengur talin þörf á að þjónusta þann hóp.

Það er hagur einstaklingsins, sveitarfélagsins og samfélagsins að virkja einstaklingana og aðstoða við að fá tækifæri til þess að komast út á vinnumarkaðinn.